

Aukaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Haldinn 29. apríl 2026 kl. 16:00 í fjarfundarbúnaði

Mættir voru 16 fulltrúar, þar af 15 með atkvæðarétt.

Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Ása Valdís Árnadóttir formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Einnig fór hún stuttlega yfir verkefni samtakanna frá seinasta aðalfundi.

Lagði hún til að hún yrði fundarstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

1. Tillaga að breytingum á samþykktum samtakanna

Knútur Emil Jónasson stjórnarmaður fór yfir tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum Samtaka orkusveitarfélaga en lagt var til að breyta greinum 5, 9 og 10 ásamt því að lagt var til sérstakt bráðabirgðaákvæði vegna breytinga á störfum kjörnefndar. Breytingarnar fólu í sér að skerpa betur á ákvæði um störf kjörnefndar sem og að rýmka heimildir til að halda aðalfund fyrr á því ári er sveitarstjórnarkosningar fara fram.

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sendi inn breytingatillögu fyrir fundinn og kynnti þá tillögu sem fól í sér að fjölga stjórnarmönnum.

Í framhaldinu voru almennar umræður um breytingar á samþykktum.

Fram kom tillaga um að vísa breytingatillögu Haraldar um fjölgun í stjórn til stjórnar til frekari vinnslu fyrir næsta aðalfund með áherslu á að meta aukin kostnað vegna fjölgunar í stjórn.

Fundarstjóri lagði til að fyrst yrði greitt atkvæði um að vísa breytingatillögu til stjórnar áður en atkvæðagreiðsla um samþykktirnar færi fram.

Tillaga um að vísa breytingatillögu til stjórnar til frekari vinnslu var felld með 9 atkvæðum en 4 greiddu atkvæði með.

Fundarstjóri lagði til að atkvæðagreiðsla um breytingar á samþykktum færi fram um hverja og eina grein sérstaklega og síðan breytinarnar í heild sinni í lokin.

Fyrst var kosið um tillögu stjórnar um breytingu á 5. gr.

Tillagan var samþykkt með 13 atkvæðum. Engin greiddi atkvæði á móti.

Næst var kosið um tillögu stjórnar um breytingu á 9.gr.

Tillagan var samþykkt með 12 atkvæðum en 1 greiddi atkvæði á móti.

Næst var kosið um breytingatillögu um 10. gr. þar sem lagt var til að fjölga í stjórn.

Tillagan var samþykkt með 10 atkvæðum en 3 greiddu atkvæði á móti

Næst var kosið um tillögu stjórnar um 10. gr. með áorðnum breytingum.

Tillagan var samþykkt með 11 atkvæðum en 2 greiddu atkvæði á móti

Næst var kosið um tillögu stjórnar um bráðabirgðaákvæði.

Tillagan var samþykkt með 13 atkvæðum. Engin greiddi atkvæði á móti.

Að lokum var kosið um breytingarnar í heild sinni með áorðnum breytingum.

Var tillagan samþykkt með 12 atkvæðum. Engin greiddi atkvæði á móti.

Allar tillögur sem kosið var um má sjá sem fylgiskjal með þessari fundargerð.

2. Kosning kjörnefndar

Ása Valdís Árnadóttir fór yfir tillögu stjórnar að kjörnefnd sem starfar fram að næsta aðalfundi sem haldin verður fyrir 1. nóvember 2026.

Aðalmenn:

Ragnar Sigurðsson, Fjarðarbyggð – formaður kjörnefndar

Arnór Benónýsson, Þingeyjarsveit

Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur

Varamenn:

Eyrún Fríða Árnadóttir, Hornafjörður

Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþing ytra

Jóhanna Hreinsdóttir, Kjósarhreppur

Tillagan var síðan bornar upp.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarslit

Ása Valdís Árnadóttir flutti lokaorð og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna.

Fundi slitið kl: 17:30

Samtök orkusveitarfélaga

Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum SO

Tekið fyrir á aðalfundi 29. apríl 2026.

Núverandi grein	Tillaga að breytttri grein
5. gr. Aðalfundur. Aðalfundur SO hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal hann haldinn á sléttum ártölum. Á aðalfundi starfa starfsnefndir skv. ákvörðun samtakanna, þ.á.m. kjörnefnd. Kjörgengir á aðalfund SO og í stjórn samtakanna eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og starfsmenn sveitarfélaga. Láti aðal- eða varamaður í stjórn af starfi á vettvangi sveitarfélaga, eða hættir í sveitarstjórn, þá fellur umboð hans niður. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum, svo og starfsmenn sveitarfélaga, halda umboði sínu í stjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum til og með næsta aðalfundi. Stjórn SO skal boða til aðalfundar rafrænum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Fundarboði skulu fylgja dagskrá fundarins, drög að skýrslu stjórnar, ársreikningar samtakanna, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur um breytingar á samþykktum. Öll aðildarsveitarfélög hafa seturétt á aðalfundi og velja þau áheyrnafulltrúa sína á aðalfund, sem hafa málfrelsi og tillögurétt.	5. gr. Aðalfundur. Aðalfundur SO hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal hann haldinn á sléttum ártölum. Að afloknum sveitarstjórnarkosningum er stjórn heimilt að boða til aðalfundar á tímabilinu júní til október. Jafnframt skal stjórn boða til fundar á þessu tímabili ef þrjú eða fleiri aðildarsveitarfélög óska eftir því að aðalfundur sé haldinn og skal þá innan þriggja vikna halda aðalfundinn. Á aðalfundi starfa starfsnefndir skv. ákvörðun stjórnar samtakanna, þ.á.m. kjörnefnd. Stjórn kemur með tillögu á aðalfundi að kjörnefnd sem aðalfundur kys um og skal kjörnefnd starfa út kjörtímabilið. Kjörnefnd skal skipuð þrem aðilum og þremur til vara og skal það haft til hliðsjónar að fulltrúar endurspegli fjölbreytni og heildarhagsmuni þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga og skal hlutfall kynja vera eins jafnt og kostur er. Kjörnefnd óskar eftir framboðum til stjórnar samhliða fundarboði aðalfundar og leggur fram tillögu að stjórn þremur dögum fyrir aðalfund sem aðalfundur tekur síðan til afgreiðslu. Heimilt er hverjum sem áhuga hefur að bjóða sig fram til stjórnar og skal þá aðalfundur kjósa á milli þeirra sem kjörnefnd hefur lagt til og þeirra sem boðið hafa sig fram. Stjórn skal útbúa erindisbréf fyrir kjörnefnd þar sem fram kemur nánari skilgreining á s.s. hvað átt er við með fjölbreytni og heildarhagsmunum. Kjörgengir á aðalfund SO og í stjórn samtakanna eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og

	starfsmenn sveitarfélaga. Láti aðal- eða varamaður í stjórn af starfi á vettvangi sveitarfélaga, eða hættir í sveitarstjórn, þá fellur umboð hans niður. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum, svo og starfsmenn sveitarfélaga, halda umboði sínu í stjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum til og með næsta aðalfundi. Á þeim tíma skal eingöngu framkvæma ákvarðanir sem þola enga bið enda sé heimild til afgreiðslu málsins í samræmi við stefnumörkun samtakanna sem og fjárhagsáætlun. Ef ekki ber að boða til fundar aðildarsveitarfélaga og leita afstöðu þeirra áður en ákvörðun er tekin. Stjórn SO skal boða til aðalfundar með rafrænum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Fundarboði skulu fylgja dagskrá fundarins, drög að skýrslu stjórnar, ársreikningar samtakanna, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur um breytingar á samþykktum. Öll aðildarsveitarfélög hafa seturétt á aðalfundi og velja þau áheyrnafulltrúa sína á aðalfund, sem hafa málfrelsi og tillögurétt.
--	--

9. gr. Orkufundur.

Árlega skal halda orkufund. Orkufundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Orkufundur er öllum opin og tekur ekki ákvarðanir í málefnum SO en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

9. gr. Orkufundur.

Halda skal orkufund a.m.k. annað hvert ár.~~Árlega skal halda orkufund.~~ Orkufundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Orkufundur er öllum opin og tekur ekki ákvarðanir í málefnum SO en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

10. gr. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn SO skal skipuð fimm aðilum og þremur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr. g-liður 7. gr. Aðalfundur kys formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar skal skipa varaformann, ritara og gjaldkera. Komi fram tillögur um fleiri stjórnarmenn en fimm skal kosið milli þeirra og ræður afl atkvæða.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.

Verði niðurstaða atkvæðagreiðslu á þann veg að skilyrði um hlut beggja kynja í stjórn eða varastjórn sé ekki uppfyllt skal færa þann af því kyni sem fleiri eru af í stjórn eða varastjórn og fæst atkvæði fékk, úr stjórn eða varastjórn en taka í staðinn inn þann frambjóðanda af gagnstæðu kyni sem flest atkvæði fékk án þess að ná kjöri. Skal endurtaka þetta þar til ofangreindu jafnvægi milli kynja er náð. Að aflokinni slíkri leiðréttingu telst stjórn og varastjórn réttkjörin.

Segi fulltrúi sig úr stjórn SO eða lætur af störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, ákveður stjórn hvaða varafulltrúi tekur sæti hans. Við ákvörðun sína skal stjórn taka tillit til niðurstöðu úr stjórnarkjöri og ofangreindra reglna um samsetningu stjórnar.

10. gr. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn SO skal skipuð fimm aðilum og þremur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr. g-liður 7. gr. Aðalfundur kys formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar skal skipa varaformann, ritara og gjaldkera. Komi fram tillögur um fleiri stjórnarmenn en fimm skal kosið milli þeirra og ræður afl atkvæða.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni **og heildarhagsmuni** þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.

Verði niðurstaða atkvæðagreiðslu á þann veg að skilyrði um hlut beggja kynja í stjórn eða varastjórn sé ekki uppfyllt skal færa þann af því kyni sem fleiri eru af í stjórn eða varastjórn og fæst atkvæði fékk, úr stjórn eða varastjórn en taka í staðinn inn þann frambjóðanda af gagnstæðu kyni sem flest atkvæði fékk án þess að ná kjöri. Skal endurtaka þetta þar til ofangreindu jafnvægi milli kynja er náð. Að aflokinni slíkri leiðréttingu telst stjórn og varastjórn réttkjörin.

Segi fulltrúi sig úr stjórn SO eða lætur af störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, ákveður stjórn hvaða varafulltrúi tekur sæti hans. Við ákvörðun sína skal stjórn taka tillit til niðurstöðu úr stjórnarkjöri og ofangreindra reglna um samsetningu stjórnar.

	Bráðabirgðaákvæði Þrátt fyrir önnur ákvæði samþykktanna skal á aukaaðalfundi Samtaka orkusveitarfélaga 29. apríl 2026 kjósa kjörnefnd sem tekur þá til starfa fyrir næsta aðalfund í samræmi við hina breyttu samþykkt.
--	---

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, hefur sent inn eftirfarandi breytingatillögu:

10. gr. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn SO skal skipuð fimm aðilum og þremur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr. g-liður 7. gr. Aðalfundur kys formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar skal skipa varaformann, ritara og gjaldkera. Komi fram tillögur um fleiri stjórnarmenn en fimm skal kosið milli þeirra og ræður afl atkvæða.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.

Verði niðurstaða atkvæðagreiðslu á þann veg að skilyrði um hlut beggja kynja í stjórn eða varastjórn sé ekki uppfyllt skal færa þann af því kyni sem fleiri eru af í stjórn eða varastjórn og fæst atkvæði fékk, úr stjórn eða varastjórn en taka í staðinn inn þann frambjóðanda af gagnstæðu kyni sem flest atkvæði fékk án þess að ná kjöri. Skal endurtaka þetta þar til ofangreindu jafnvægi milli kynja er náð. Að aflokinni slíkri leiðréttingu telst stjórn og varastjórn réttkjörin.

Segi fulltrúi sig úr stjórn SO eða lætur af störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, ákveður stjórn hvaða varafulltrúi tekur sæti hans. Við ákvörðun sína skal stjórn taka tillit til niðurstöðu úr stjórnarkjöri og ofangreindra reglna um samsetningu stjórnar.

10. gr. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn SO skal skipuð ~~fimm~~ **sjö** aðilum og ~~þremur~~ **fimm** til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr. g-liður 7. gr. Aðalfundur kys formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar skal skipa varaformann, ritara og gjaldkera. Komi fram tillögur um fleiri stjórnarmenn en ~~fimm~~ **sjö** skal kosið milli þeirra og ræður afl atkvæða. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni **og heildarhagsmuni** þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.

Verði niðurstaða atkvæðagreiðslu á þann veg að skilyrði um hlut beggja kynja í stjórn eða varastjórn sé ekki uppfyllt skal færa þann af því kyni sem fleiri eru af í stjórn eða varastjórn og fæst atkvæði fékk, úr stjórn eða varastjórn en taka í staðinn inn þann frambjóðanda af gagnstæðu kyni sem flest atkvæði fékk án þess að ná kjöri. Skal endurtaka þetta þar til ofangreindu jafnvægi milli kynja er náð. Að aflokinni slíkri leiðréttingu telst stjórn og varastjórn réttkjörin.

Segi fulltrúi sig úr stjórn SO eða lætur af störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, ákveður stjórn hvaða varafulltrúi tekur sæti hans. Við ákvörðun sína skal stjórn taka tillit til niðurstöðu úr stjórnarkjöri og ofangreindra reglna um samsetningu stjórnar.